

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit Héraðssvæðis, búfjárefirlitssvæði Austur-Héraðs,
Norður-Héraðs, Borgarfjarðarhrepps, Fellahrepps,
Fljótsdalshrepps og Seyðisfjarðarbæjar.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 6.000 pr. bú.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 2.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af umráðamanni búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðar-nefnd fjármálaráðuneytisins. Akstursgjald sbr. 11. gr. skal þó miðast við 70 km akstur á bú.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar héraðsstjórnar Héraðssvæðis ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið af héraðsstjórn Héraðssvæðis og bæjarstjórn Seyðisfjarðarbæjar er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. mars 2005.

F. h. r.

Niels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.